

Miðvikudaginn 5. nóvember 1952.

Nr. 145/1951. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson)
 gegn

Victor Allen Buschini (Lárus Fjeldsted).

Ákæra um botnvörpuveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og sam-
 dómsmennirnir Páll Þorbjarnarson skipstjóri og Sigfús
 Scheving skipstjóri hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur
 markað á sjóupprátt stað þann, er stjórnendur varðskipsins
 Óðins mældu við dufl það, er út var sett kl. 9.10 hinn 28.
 ágúst 1951, og reyndist staður þessi 0,4 sjómíllur innan land-
 helgislínu, eins og hún var í framkvæmd á þeim tíma.

Varðskipið Óðinn hafði á áðurgreindum tíma hafið eftir-
 för að tveimur togurum, sem grunaðir voru um að vera að
 togveiðum í landhelgi. Reyndust togarar þessir vera Red
 Lancer L.O. 442 og togari sá, er ákærði stjórnaði, St. Just
 L.O. 434. Togaði Red Lancer nær landi, en St. Just nokkru
 utar. Samkvæmt samhljóða, eiðfestum framburði 4 skipverja
 á varðskipinu Óðni var duflið sett út í kjölfar togara. En eins
 og aðstöðu við eftirförina og töku togaranna var háttað og
 þar sem ekki er fram komin nægilega örugg vitneskja um
 siglingu togarans St. Just á þeim tíma, sem hér skiptir máli,
 þykir óvarlegt að telja nægjanlega sannað, að duflið hafi verið
 sett út í kjölfar togarans St. Just, sem var fjær landi, eins
 og fyrr greinir. Og þar sem sök ákærða er ekki sönnuð með
 öðrum hætti, ber að sýkna hann af kröfum ákærvaldsins í
 máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakar-
 innar úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og
 verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Victor Allen Buschini, á að vera sýkn af
 kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1500.00 til hvors.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 1. september 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er höfðað af hálfu ákærvaldsins með ákæruskjali, útgefnu af dómsmálaráðuneytinu 30. f. m., á hendur Victor Allen Buschini, skipstjóra á togaranum St. Just L.O. 434 frá London, til heimilis 117 Beachroad, Fleetwood, fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum með því að hafa verið að botnvörpuveiðum innan landhelgislínu undan Múlakvísl að morgni þess 28. fyrra mánaðar á togaranum St. Just L.O. 434 til refsingar og upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920 sbr. lög nr. 5/1951 um breytingu á þeirri lagagrein, sbr. og lög nr. 4/1924, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Victor Allen Buschini, er fæddur 27. ágúst 1907 í Englandi og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot hér á landi.

Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum eru málsatvik eftirfarandi:

Að morgni þess 28. ágúst s.l. var varðskipið Óðinn í eftirlitsferð austur með landi. Er varðskipið var stutt út af Portlandi, sáust tveir togarar framundan á stjórnborða, báðir stefndu austur með landi og virtust vera mjög nærri hvor öðrum. Hélt varðskipið nú austur með og stefndi nokkuð fyrir ofan togarana. Er komið var á móts við þá, þótti varðskipsmönnum sýnt, að þeir væru í landhelgi.

Kl. 0905 var snúið út og stefnt á togarana og um leið gerð eftirfarandi staðarákvörðun af I. stýrimanni og skipstjóra:

Portlandsviti

> 41° 38'

Hatta

> 82° 00'

Hjörleifshöfði

Síðan hélt varðskipið með fullri ferð að togurunum.

Kl. 0908 sneru báðir togararnir út um. Kl. 0910 setti varðskipið út bauju í kjölvatn togarans. Kl. 0915 skaut varðskipið lausu skoti að togaranum St. Just, sem var lítið eitt utar og vestar en hinn togarinn. Nam St. Just strax staðar, og fóru I. stýrimaður og I. háseti af varðskipinu um borð í hann. Togarinn var með stjórnborðsvörpu sína í sjó.

Síðan hélt varðskipið að hinum togaranum, sem var Red Lancer L.O. 442, og voru 2 menn settir um borð í hann. Kl. var þá 0926.

Kl. 0930 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á milli togaranna:

Portlandsviti
 > 37° 28'
 Hatta
 > 74° 49'
 Hjörleifshöfði

Dýpi 58 metrar.

Staðarákvörðun þessi var framkvæmd af skipstjóra varðskipsins og II. stýrimanni.

Síðan var haldið að baujunni og þar gerð eftirfarandi staðarákvörðun, sem einnig var framkvæmd af skipstjóra varðskipsins og II. stýrimanni:

Portlandsviti
 > 37° 58'
 Hatta
 > 75° 10'
 Hjörleifshöfði

Dýpi 58 metrar.

Gefur það stað skipsins 0,4 sjómílar innan landhelgislinu.

Síðan var skipstjórinn á St. Just, kærði í máli þessu, tekinn um borð í varðskipið og skýrt frá, að hann hefði verið í landhelgi. Kvaðst hann alls ekki hafa ætlað sér að vera í landhelgi og bent á, að hann hefði séð varðskipið löngu áður en það kom að honum og hefði því haft nægan tíma til þess að athafna sig, hefði hann álitnið sig vera í landhelgi.

Hann var þá látinn mæla og lesa á sextantinn hornin, er gerð voru við baujuna, og kvað hann þau rétt. Einnig fylgdist hann með, er þau voru sett út í kortið. Síðan var honum bent á staðarákvörðun, er gerð var hjá skipi hans kl. 0930, og rengdi hann ekki þá staðarákvörðun heldur, en viðurkenndi samt ekki að hafa verið í landhelgi.

Eftir þetta var haldið að hinum togaranum, Red Lancer, og skipstjórinn á því skipi tekinn um borð í varðskipið. Hélt hann því einnig fram, að skip sitt hefði ekki verið í landhelgi. Red Lancer var með radartæki, en St. Just ekki. Skipstjórinn á Red Lancer óskaði því næst eftir að fá að fara um borð í skip sitt og gera þar nánari athuganir. Var honum leyft það, og fór I. stýrimaður varðskipsins með honum. Eftir eigin ósk sinni fór ákærði einnig með þeim. Gerðu þeir síðan athuganir sínar um borð í togaranum, en svo illa tókst til, að togarinn fékk bauju varðskipsins í skrúfunu, og slitnaði hún af, en þá notuðu þeir bauju, sem togarinn (Red Lancer) hafði sett út og var nokkru utar. Að því loknu komu þeir um borð í varðskipið og höfðu loftskýtamanninn á Red Lancer með sér. Loftskýtamaðurinn vildi sanna, að togarinn hefði verið utan landhelgi, og kvaðst hafa stillt radarinn á 3 sjómílar við baujuna og ekki séð land. Töldu varðskipsmennirnir, að þetta gæti vel staðizt, því bæði væri baujan röskar 3 sjómílar frá næsta landi og svo sæjust sandarnir í radarnum ekki, nema undir vissum skilyrðum. Í öðru lagi kvaðst loftskýtamaðurinn hafa séð land í radarnum með sömu stillingu eftir að hafa siglt 1 sjómílu til lands frá baujunni og vildi þar með halda fram, að baujan væri 4 sjómílar frá landi.

Til þess að athuga þetta nánar fór skipherra varðskipsins ásamt skipstjórum togaranna og loftskeytamanninum um borð í Red Lancer. Var loftskeytamaðurinn látinn taka fjarlægðir frá bauju, bæði að vesturbrún Hjörleifshöfða og austurbrún Reynisfjalls. Reyndist fjarlægðin til Reynisfjalls $4\frac{1}{2}$ sjómíla og stefna NVN $\frac{3}{4}$ N og fjarlægðin til Hjörleifshöfða $5\frac{3}{4}$ sjómíllur og stefnan ANA. Þessar staðarákvarðanir, sem framkvæmdar voru með radar, gáfu stað skipsins innan landhelgislinunnar. Eftir þetta var Red Lancer látinn halda upp að landi, og er siglt hafði verið á aðra mílu frá baujunni, fóru fjöllin að sjást í radarnum, en alls ekki sandarnir.

Eftir þetta var gerð tilraun til þess að ná í enskt eftirlitsskip og einnig í hafrannsóknarskipið Scotía, en þær tilraunir urðu árangurslausar. Var svo haldið af stað til Vestmannaeyja kl. 1615 og komið þangað kl. 2040.

Veður var gott, austan gola, smáskúrir fyrri part dagsins, en bjart seinni partinn, sjór 1—2.

Skipstjórinn á Red Lancer var í sakadómi Vestmannaeyja 30. f. m. dæmdur fyrir togveiðar í landhelgi.

Framanrituð skýrsla varðskipsins var staðfest fyrir dóminum af skipherranum og I. og II. stýrimanni varðskipsins.

Ákærði hefur algerlega neitað hér fyrir dóminum að hafa verið í landhelgi í umrætt skipti, og hafi hann því alls ekki gerzt sekur um brot á landhelgislögum. Kvaðst hann hafa séð til varðskipsins, ca 2 tímum áður en það kom á staðinn, og ekki hreyft sig til, því hann hafi talið sig örugglega utan landhelgislinunnar. Kveðst hann hafa togað fram með landinu samsíða togaranum Red Lancer og ávallt um $\frac{1}{2}$ sjómílu utar. Af þessu sé ljóst, að hann hafi verið utan linunnar samkvæmt mælingum varðskipsins sjálfs, þar sem varðskipið hafi talið Red Lancer aðeins 0,4 sjómílu innan linunnar. Ýmsar athugasemdir gerði hann við skýrslu varðskipsins. Kvaðst hann aldrei hafa samþykkt sextantmælingar varðskipsins, enda hafi hann ekki notað sextant í síðastliðin 10 ár. Þá kveður hann, að radarmælingarnar um borð í Red Lancer, er hann fór þangað ásamt skipherra varðskipsins, hafi sýnt fjarlægðina til Hjörleifshöfða 6 sjómíllur eða að minnsta kosti $5\frac{1}{10}$ sjómíllur. Skipherra varðskipsins hafi hins vegar ekki viljað viðurkenna fjarlægðina þetta mikla, heldur aðeins $5\frac{3}{4}$ sjómíllur. Radarmælingarnar hafi einnig sýnt fjarlægðina til Reynisfjalls 5 sjómíllur, en ekki $4\frac{1}{2}$, eins og segir í skýrslu varðskipsins. Þá taldi hann, að stefnurnar til Reynisfjalls og Hjörleifshöfða hafi þeir ekki tekið um borð í Red Lancer, heldur fyrst, er þeir komu um borð aftur í St. Just og voru staddir við bauju varðskipsins. Miðanirnar framkvæmdi hann sjálfur ásamt I. stýrimanni varðskipsins, og hafi hann snúið skipinu í áttina að Hjörleifshöfða og haft baujuna og það hæsta á Hjörleifshöfða yfir eitt. Jafnframt hafi hann tekið stefnurnar með hendinni og lesið um leið á kompásinn. Miðunaráhöld kvaðst hann engin hafa haft um borð. Miðanirnar hafi sýnt Hjörleifshöfða í stefnunni ANA, en Reynisfjall í stefnunni NV $\frac{1}{2}$ — $\frac{3}{4}$ V. Á þeim stað, er togarinn var, er hann hætti að toga, hafi dýpið verið 45 faðmar samkvæmt dýptarmæli togarans, og

hafi I. stýrimaður varðskipsins og háseti, sem komu um borð, samþykkt þann álestur. Þá tók hann fram, að hann hefði siglt í 4 mínútur, eftir að varðskipsmennirnir komu um borð, til þess að komast að baujunni, og sýni þetta, að hann hafi verið í allmikilli fjarlægð frá henni. Þá hélt hann því fram, að þegar hann kom um borð í varðskipið, hafi skipherrann sýnt sér blað, og voru tölurnar 0908 og 0919 ritaðar á það. Hafi fyrri talan átt að tákna tímann, þegar varðskipið lét út baujuna, en síðari talan átt að tákna tímann, er varðskipsmennirnir komu um borð. Taldi hann þetta sýna ljóslega, að töluverð fjarlægð hefði verið á milli baujunnar og skips síns, þar sem hann kveðst strax hafa numið staðar, er varðskipið skaut. Hann kvað það algerlega ósatt, að baujunni, sem varðskipið setti út, hafi verið kastað í kjölvatn togara síns. Kvaðst hann aldrei hafa togað þar, heldur mun utar, og hafi hann ekki farið grynna en á 42 faðma dýpi. Þá taldi hann, að tímaákvarðanirnar í skýrslu varðskipsins, hvenær varðskipið sneri í áttina til togara hans, hvenær það kastaði út baujunni og hvenær það lagðist við togarann, sýni berlega, að skip sitt hafi verið djúpt undan, því varðskipið gangi með allt að 10 mílna hraða, en togari sinn hafi verið á venjulegri togferð, ca 3 sm, og numið strax staðar, er fyrsta skotinu var skotið frá varðskipinu.

John Donald Riat, I. stýrimaður á St. Just, kvaðst hafa verið niðri í lest skipsins, er hann heyrði skot varðskipsins. Var hann þá búinn að vera þar um $\frac{1}{2}$ tíma. Kvaðst hann hafa séð til ferða varðskipsins, áður en hann fór niður. Var togarinn þá að toga, og gizkaði hann á, að togarinn hefði verið búinn að toga í eina klukkustund, er varðskipið kom. Kvað hann St. Just hafa togað í sömu átt og Red Lancer, en um $\frac{1}{4}$ — $\frac{1}{2}$ sjómílu utar. Um staðarákvarðanir togarans vissi hann ekkert.

Oswald Finnie, I. vélstjóri á St. Just, kvaðst hafa verið á verði að morgni þess 28. f. m. Var togarinn þá að toga, en hversu lengi hann var að því, vissi hann ekki. Kvaðst hann hafa heyrt skotið frá varðskipinu, og var kl. þá rúmlega 10 (enskur tími). Var vélin þá á fullri ferð, en strax á eftir var símað niður í vélarrúm, að vélin skyldi stöðvuð, og var það gert. Stuttu síðar heyrði hann annað skot. Nokkru á eftir heyrði hann, að eitthvað straukst fram með skipshliðinni. Stuttu síðar var hringt á fulla ferð, en rétt á eftir var hringt og gefið til kynna, að varpan yrði dregin inn. Þegar búið var að slá úr blökkinni, var hringt á stopp.

Edward Robson, loftskeytamaður á Red Lancer, kvað stöðugar staðarákvarðanir hafa verið gerðar um borð í Red Lancer, meðan þeir voru að toga. Kvaðst hann jafnan hafa haft auga með ströndinni, þar sem stytzt var til lands. Einnig hefði hann fylgzt með radarnum, og tók hann fram, að mögulegt hefði verið að sjá sandana í radarnum. Þá tók hann fram, að þegar skipherra varðskipsins kom um borð í Red Lancer ásamt skipstjóranum á St. Just, hafi radarinn sýnt fjarlægðina til Hjörleifshöfða rétt undir sex sjómílum, en $4\frac{1}{2}$ sjómílu til Reynisfjalls. Þá voru þeir við baujuna, sem Red Lancer setti út. Um stefnumiðanir vissi hann ekki. Hann kvað togarana hafa togað í sömu átt, og hafi St. Just verið utar, en hversu langt bil var á milli þeirra, kvaðst hann ekki geta sagt um.

Thomas Ball, stýrimaður á Red Lancer, kvaðst hafa séð, að togarinn St. Just hafi togað utar en Red Lancer, og gizkar á, að fjarlægðin á milli þeirra hafi verið um 800—1000 yards. En hann kvaðst hafa verið niðri í káetu, er hann heyrði skot varðskipsins, og hafði þá verið þar í ca 20 mínútur.

Robert Sillis, loftskeytamaðurinn á St. Just, kvaðst hafa verið í brú togarans, er varðskipið lagði að skipinu. Var þá vélin ekki í gangi, og hafði hún verið stöðvuð, er varðskipið skaut fyrra skotinu. Er I. stýrimaður varðskipsins og hásetinn af varðskipinu gengu upp stigann upp í brúna, hafi verið hringt á fulla ferð. Hann kvað St. Just hafa togað ca $\frac{9}{10}$ — $\frac{8}{10}$ sjómílu utar en Red Lancer. Dýpið hafi verið 45 faðmar, áður en þeir sneru togaranum út, en það hafi þeir mælt, er þeir heyrðu skotið frá varðskipinu.

Skipherrann á varðskipinu, Gunnar V. Gíslason, gerði margar athugasemdir við framburð ákærða. Sagði hann, að það væri rangt, að hann hefði ákveðið fjarlægðina til Hjörleifshöfða 5% sjómílur. Þetta hefðu skipstjóri og loftskeytamaðurinn á Red Lancer gert, er hann hefði bent þeim á, að fjarlægðin væri ekki fullar 6 sjómílur. Fjarlægðin til Reynisfjalls hefði verið $4\frac{1}{2}$ sjómíla á radarnum, og hefðu allir verið sammála um það. Er þessar athuganir voru gerðar, hafi þeir verið við baujuna, er Red Lancer setti út, en hún hafi verið utar en bauja varðskipsins.

Um fjarlægðina milli togaranna kvaðst hann ekki geta sagt, fyrr en varðskipið var komið rétt að þeim. Hafi fjarlægðin þá verið um $\frac{1}{3}$ sjómílu á milli þeirra í aust- og vestlæga stefnu, en St. Just þó utar en Red Lancer. Kvaðst hann gera ráð fyrir, að fjarlægðin til baujunnar frá togaranum, er þeir voru komnir um borð í hann, hafi verið um $\frac{3}{10}$ úr sjómílu, en 1 sjómíla, þegar búið var að draga vörpuna inn.

Hann fullyrti, að baujunn hafi verið kastað út, er varðskipið var komið í kjölvatn beggja togaranna. Hafi fyrst verið komið í kjölvatn togarans Red Lancer's, en er einnig var komið í kjölvatn St. Just's, hafi baujunn verið kastað út.

Hann skýrði svo frá, að er baujan hafði verið sett út, hafi fyrst verið tekin stefna á Red Lancer og gerð tilraun til að koma þar mönnum um borð, en síðan hafi verið horfið frá því og tekin stefna til St. Just. Er varðskipið nálgast togarann, var hægt á ferðinni og síðan stöðvað. Í fyrstu atrennu tókst ekki að koma mönnunum um borð. Varð því að snúa skipinu eða bakka og leggja að togaranum aftur, til þess að koma mönnunum um borð. Er því var lokið, hafi klukkan verið 0919. Vegna þessara tafa taldi skipherrann, að eðlilega hefði liðið nokkur tími, frá því að baujan var sett út, og þangað til mennirnir voru settir um borð í togarann.

Eyjólfur Hafstein, I. stýrimaður á varðskipinu, kvaðst hafa gert staðar-ákvarðanir með skipstjóra, eins og segir í skýrslu varðskipsins. Hann kveðst hafa sótt báða skipstjórana á togurunum og komið með þá um borð í varðskipið. Hafi þeim báðum verið sýndar staðarákvarðanir varðskipsins, staðirnir, sem miðað var við, og hornamælingarnar til þeirra, og hafi mælingarnar reynzt réttar og verið færðar út í sjókort að skip-

stjóranum ásjáandi. Kvaðst hann fyrst hafa komið um borð í St. Just og Helgi Hallvarðsson háseti með honum. Var þá klukkan 0919. Var þá togarinn á fullri togferð út frá landi, að því er honum virtist. Kvaðst hann hafa séð, að togvírarnir voru strekktir, er hann kom um borð, og er hann kom upp í brúna, hafi vélsíminn sýnt fulla ferð. Nokkru eftir að hann kom um borð, kvaðst hann hafa spurt ákærða um dýpið, og hafi hann sagt það vera 45 faðma. Kveðst hann síðan hafa litið á dýptarmælinn, og hafi honum virzt dýpið vera 45 faðmar. Gizkaði hann á, að fjarlægðin til baujunnar hafi þá verið um $\frac{1}{2}$ sjómíla. Hann kvað sterkan vesturstraum hafa verið þarna. Hann kvaðst engar kompásmiðanir hafa gert um borð í St. Just, en hins vegar varð hann þess var, að ákærði var að framkvæma einhverjar kompásmiðanir með hendinni, en vissi ekki, hverjar þær voru. Þó kvað hann vel geta verið, að hann hafi handmiðað eftir kompásnum stefnuna til Reynisfjalls og Hjörleifshöfða, en hann hafi ekkert lagt upp úr slíkum miðunum, því þær séu svo ónákvæmar, og hafi hann hvorki lagt þær á minnið né skrifað þær niður. Hann kvað sér hafa virzt, er að var komið, að togararnir hafi togað sem næst samsíða, og hafi St. Just verið eilítið utar og vestar. Gizkaði hann á, að fjarlægðin milli togaranna hafi verið um það bil 100 faðmar. Hann fullyrti, að bauju varðskipsins hefði verið varpað út í kjölvatn beggja togaranna, og hafi þeir báðir augsýnilega farið yfir þann stað, þar sem baujinni var kastað.

Guðni Pálsson, II. stýrimaður varðskipsins, kvaðst hafa framkvæmt þær staðarákvarðanir með skipherra, sem ræðir um í skýrslunni. Skyggni var gott, og miðunarpunktur sáust vel. Kvað hann fullkomlega öruggt, að staðarákvarðanirnar hafi verið réttar. Hann fullyrti, að bauju varðskipsins hefði verið varpað út í kjölvatn beggja togaranna. Hafi fyrst verið siglt yfir kjölvatn Red Lancer's, sem var austlægari og heldur nær landi, og síðan í kjölvatn St. Just's, og þar var baujinni kastað út. Hann taldi, að St. Just hefði verið 100—150 faðma á eftir Red Lancer og örlítið utar, á að gizka 50 faðma, enda hafi skrifuvötnin komið hér um bil saman.

Helgi Hallvarðsson, háseti á varðskipinu, kvaðst hafa komið um borð í St. Just ásamt I. stýrimanni. Ekki vissi hann, hvað klukkan var, er þeir komu um borð. Kvaðst hann hafa farið upp í stjórnklefa togarans, og skömmu eftir að hann kom þangað, tók hann eftir því, að ákærði hafi hringt á stopp, en áður hafi vélsíminn staðið á fullri ferð. Hann kveðst hafa heyrt ákærða segja, að dýpið væri 45 faðmar, og leit hann sjálfur á dýptarmælinn og sá, að þetta lét nærri. Um fjarlægðina milli togaranna kvaðst hann ekkert geta sagt, og ekki kvaðst hann heldur geta sagt um, hvort baujinni hafi verið kastað út í kjölvatn togaranna.

Kristinn Sigurðsson, viðvaningur á varðskipinu, kvaðst hafa útbúið baujuna, sem kastað var út frá varðskipinu. Kvaðst hann hafa tekið eftir, að baujinni var kastað út, er kjölvatn beggja togaranna kom saman. Að öðru leyti veitti það togurunum enga sérstaka athygli, enda hafi hann verið upptekinn við vinnu sína á þilfari.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hefur ákærði ekki haft uppi neinar athugasemdir við staðarákvarðanir varðskipsins við baujuna, og

þykir því bera að leggja þær til grundvallar, eins og þær eru. Ákærði hefur rengt, að baujan hafi verið sett niður í kjölvatn togara síns, og haldið því fram, að það, sem varðskipsmenn töldu kjölvatn togarans St. Just's, hafi verið straumvatn frá vörpu Red Lancer's, eftir að hann þverbeygði. En varðskipsmenn hafa harðlega mótmælt þessu og talið öruggt, að um kjölvatn togarans St. Just's hafi verið að ræða. Hefur skipherra varðskipsins, I. og II. stýrimaður og viðvaningur á varðskipinu staðfest þetta með eiði.

Skipherra varðskipsins virðist hafa nægjanlega gert grein fyrir þeim tíma, er leið frá því, að baujan var sett út, og þangað til komið var að togaranum, og þær líkur, sem ákærði hefur talið sig leiða að því, að togari sinn hafi verið utan landhelgi, er hann byggir á tímaákvörðun varðskipsins, eru það veikar og byggðar á ágizkunum, að ekki þykir fært að leggja neitt upp úr þeim. Samkvæmt þessu verður að telja sannað, að togarinn St. Just hafi togað yfir þann stað, er baujan var sett á, og hefur ákærði þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Togarinn St. Just er að stærð samkvæmt mælingabréfi 498,16 brúttó rúmlestir.

Með tilliti til þess, að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir sams konar brot, og með því að gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með tilvísun til 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924, kr. 74.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, er hann skal greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæta ella varðhaldi í 8 mánuði.

Þá skal og allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í St. Just L. O. 434 gerð upptæk, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Svo skal og ákærði greiða allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi.

Dómsorð:

Ákærði, Victor Allen Buschini, greiði kr. 74.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í St. Just L.O. 434 eru gerð upptæk, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, áfallinn og áfallandi. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.